

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um samftíund.* — Í brjefi frá 29. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, leitað skýringa minna á þeirri ákvörðun í 10. grein laga um lausafjártíund 12. júlí 1878, að samftíund sje heimil foreldrum og niðjum, «ef þeir eiga bú saman».

155
18. okt.

Ákvörðun þessi verður ekki skilin á þá leið, að samftíund sje því að eins leyfileg foreldrum og niðjum, að þeir sje sameigendur að hinu tíundarskylda fje, og leiðir það þegar af því, að samftíund er heimil sameigöndum, þó þeir sje alveg óskyldir, sjá niðurlag 10. greinarinnar. Hins vegar verða orðin: «ef þeir eiga bú saman» varla tekin í svo víðri merkingu, að þar sje átt við alla, sem búa á sama bæ, og heldur eigi get jeg álitid það nægilega heimild fyrir samftíund foreldra og niðja, að þeir eru á sama heimili. Ef t. d. börn, sem eru hjá búandi foreldrum sínum, eða foreldrar, sem eru hjá búandi börnum sínum, koma skepnum sínum fyrir í fóður á öðrum bæjum, verður ekki sagt, að þeir eigi bú saman. Jeg verð því að álita það skilyrði fyrir samftíund foreldra og niðja, er ekki hafa eignarfjelag, að hlutaðeigendur hirði eða láti hirða sumar og vetur skepnur sínar í fjelagi.

Loksins get jeg þess, að þó foreldrum og niðjum sje heimil samftíund, er ekkert því til fyrirstöðu, að sveitargjaldi eða öðrum almennum gjöldum sje jafnað á hvern þeirra, er eiga bú saman, eptir því, er hann á í búinu og öðrum efnahag hans, og að tíundtakandi hefir eins og tíundgreiðandi aðgang að því, að áfrýja sjerhverri ákvörðun hreppstjóra um tíundarframtalið til sýslumanns, er samkvæmt niðurlagi 6. greinar laga 12. júlí 1878 á að gjöra rjettarrannsókn um tíundarframtal manna, ef þess þykir við þurfa.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um tekjuskrár skattanefndanna.* — Samkvæmt tillögum endurskoðanda hinna sjerstöku reikninga fyrir tekjum landssjóðs mælist jeg til þess, að þjer, herra amtmaður, brýnið fyrir sýslumönnum þeim, er undir yður eru skipaðir, að þeim beri að hafa nákvæmt eptirlit með, að skattanefndirnar taki eptirnefnd atriði til greina við samning skrána yfir tekjur af eign og atvinnu.

156
20. okt.

1. Eins og tekið er fram í tekjuskattsreglugjörð frá 15. maí 1878 (stjórnartíðindi B. 57.) við 11. gr. og við 14. gr., ber skattanefndinni, eptir að búid er að telja upp alla þá innanhreppsmenn eða kaupstaðarbúa, sem tekjuskatt eiga að greiða að lögum, að tilgreina þá utansveitarmenn, sem tekjur hafa haft af eign eða atvinnu í hreppnum eða kaupstaðnum það ár, er um er að ræða, og ætla á hve miklar þær hafi verið, og ber hvað tekjur utansveitarmanna af eign snertir, að tilgreina þær, þó þær í þeirri sveit hafi verið minni en 50 kr. Þessa utansveitarmenn ber ekki að eins nákvæmlega að nafngreina, en það ber einnig að skýra frá, á hvaða bæ, í hverri sveit og í hverju hjerði (sýslu) þeir eigi heima.

2. Skattanefndirnar eiga að rita á skattaskrárnar vottorð sitt um það, að skrárnar hafi legið frammi til sýnis samkvæmt fyrirmælum 15. gr. laga um tekjuskatt frá 14. desbr. 1877, og að engir fleiri en þeir, sem taldir eru á skránum, hafi viðkomandi ár haft skattskyldar tekjur þar í hreppnum eða þar í kaupstaðnum.

3. Allir þeir menn, sem í skattanefndinni eru, eiga að skrifa nöfn sín undir skattskrána.

4. Sje skattskránum eitthvað ábótavant ber skattanefndunum, eptir nákvæmari fyrirmælum sýslumanns að bæta úr göllunum.

Hinn 29. nóvbr. 1880.